

Fimmtudaginn 30. september 1993.

Nr. 480/1989. **Þorsteinn Gunnarsson**

(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

gegn

Ingólfí Ómari Ármannssyni

(Haraldur Blöndal hrl.).

Útivist í héraði. 45. gr. laga nr. 75/1973. Lausafjárkaup. Gallar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. desember 1989 að fengnu áfrýjunarleyfi 20. nóvember 1989. Hann gerir þær dómkröfur aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi, en til vara krefst hann sýknu af öllum kröfum stefnda. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi byggir ómerkingarkröfu sína í fyrsta lagi á því, að mætt hafi verið fyrir sig við þingfestingu málsins í héraði, en vegna mistaka hafi það ekki verið bókað í þingbók. Einnig byggir hann á því, að kröfugerð í héraðsdómsstefnu sé með þeim hætti, að frávisun varði. Engin gögn liggja fyrir um það, að mætt hafi verið af hálfu áfrýjanda við þingfestingu málsins í héraði. Ekki verður talið, að málatalbúnaður stefnanda í héraði hafi verið andstæður 88. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. nú 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, og að héraðsdómara hafi borið að vísa málinu sjálfkrafa frá dómi. Ómerkingarkrafa áfrýjanda er því ekki tekin til greina.

Áfrýjanda var löglega stefnt fyrir héraðsdóm, og hefur ekki verið sýnt fram á lögmæt forföll hans. Ekki verður fallist á, að hann megi koma vörnum að fyrir Hæstarétti, sbr. 45. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands, og koma málsástæður hans ekki til álita. Verður því að dæma málið eins og það lá fyrir héraðsdómara.

Í gögnum þeim, sem lágu fyrir héraðsdómara, kemur fram, að

stefndi keypti tíu ára gamlan bíl af áfrýjanda 1. apríl 1989. Í lög-regluskýrslu, sem lá frammi í héraði, viðurkennir stefndi að hafa ekið bifreiðinni „nánast ekki neitt, áður en ég gekk frá kaupunum“, og hefði hann tekið áfrýjanda trúanlegan um það, að bifreiðin væri í „topplagi“. Þegar hann fór hins vegar að skoða bifreiðina síðar þennan sama dag og kaupin voru frá gengin, kom allt það í ljós, sem hann heldur fram í máli þessu, að hafi verið gallar, og byggir kröfur sínar á. Stefndi hefur því ekki sinnt skoðunarskyldu sinni, sbr. 47. gr. kaupalaga nr. 39/1922. Þá hefur stefndi enga haldbæra sönnun lagt fram um aðra galla á bifreiðinni en honum samkvæmt framansögðu hefðu átt að verða ljósir við eðlilega skoðun á bifreiðinni fyrir kaupin. Ekkert liggur fyrir um það, að áfrýjandi hafi haft svik í frammi. Samkvæmt framansögðu ber að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Þorsteinn Gunnarsson, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Ingólfs Ómars Ármannssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Akureyrar 20. júlí 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var 8. júní sl., hefur Ingólfur Ómar Ármannsson, kt. 171266-5999, Skógargötu 6 A, Sauðárkróki, höfðað hér fyrir dómi með stefnu, út gefinni 31. maí 1989, gegn Þorsteini Gunnarssyni, kt. 030358-2879, Móasíðu 9 E, Akureyri.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði gert með dómi að þola riftun kaupa á bifreiðinni Ö-8191 og honum með sama dómi gert að viðlögðum dagsektum að afhenda stefnanda tryggingarvixil vegna sömu kaupa, að fjárhæð 150.000 kr. Enn fremur krefst stefnandi þess, að stefndi endurgreiði sér 150.000 kr. með 33,6% ársvöxtum frá 1. apríl 1989 til 1. maí s. á., 38,4% ársvöxtum frá þ. d. til 8. júní s. á., en eftir það með dráttarvöxtum skv. vaxalögum nr. 25/1987 til greiðsludags. Loks krefst stefnandi þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað skv. fram lögðum reikningi.

Málsatvik kveður stefnandi vera þau, að 1. apríl sl. hafi hann átt bílaskipti við stefnda, þannig, að stefnandi hafi látið af hendi bifreið sína, K-1578, Toyota Cressida, árg. 1980, sem verðmetin var á 150.000

kr. Hafi hann fengið í staðinn bifreiðina Ö-8191, Oldsmobile Countless, árg. 1979, sem verðmetin var á 300.000 kr. Milligjöf skyldi greidd með skuldabréfi, sem greiða skyldi með jöfnum mánaðarlegum greiðslum á 24 mánuðum, fyrst 1. júní 1989.

Þar sem skuldabréfið hafi ekki verið samið og undirritað að fullu, hafi stefnandi afhent stefnda tryggingarvixil sömu fjárhæðar, út gefinn af Haraldi Óskarssyni. Stefnandi kveður leynda galla hafa komið samdægurs fram í bifreiðinni Ö-8191. Hafi bensíngeymir lekið, vélín lekið olíu, stöng í stýrisbúnaði verið laus, varahjólbarða hafi vantað sem og tjakk. Ekkert skoðunarovottorð hafi fylgt bifreiðinni, og stefndi hafi ekki verið skráður eigandi.

Stefnandi kveður stefnda hafa sagt bifreiðina vera í mjög góðu lagi og telur, að stefndi hafi beitt sig svikum, og því sé sér heimil riftun skv. 42. gr. kaupalaga nr. 39/1922 og 36. gr. sml. nr. 7/1936, sbr. lög nr. 11/1986.

Stefnandi kveður stefnda ekki hafa fallist á, að kaupin gengju til baka. Því hafi hann ákveðið að rifta kaupunum, og það hafi hann gert með símskeyti, dagsettu 19. 5. 1989, þar sem segi m. a.: „Mér hefur falið Ingólfur Ómar Ármannsson, Skógargötu 6 A, Sauðárkróki, að rifta makaskiptum yðar og hans á bifreiðunum K-1678 og Ö-8191 frá 1. apríl 1989. Ástæða riftunar eru vísitandi leyndir gallar á Ö-8191, og er vísað til lausafjárkaupalaga. Bifreiðin Ö-8191 er í vörslu lögreglunnar á Akureyri, og verður hún afhent þar, enda afhendist bifreiðin K-1679 eða jafnvirði hennar.“

Líta verður svo á, að stefnandi sé að krefjast staðfestingar á framangreindri riftun í máli þessu.

Af hálfu stefnda hefur eigi verið sótt þing í máli þessu, og er honum þó löglega stefnt. Ber því skv. 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir kröfum og málsútlistun stefnanda. Stefnandi leggur fram í málinu gögn, sem meta verður nægjanleg. Eru gögn þessi í samræmi við framangreint, og þar sem engir þeir gallar eru á málatilbúnaði, er frávisun varði ex officio, verða kröfur hans teknar til greina að fullu, þó að því undanskildu, að kröfu stefnanda um dagsektir, ef stefndi fullnægir ekki skyldu sinni til afhendingar umrædds tryggingarvixils, er vísað frá dómi ex officio, þar sem krafan telst ekki nægjanlega glögg, sbr. 88. gr., c-lið, laga nr. 85/1936, sbr. 10. gr. laga nr. 54/1988.

Málaskostnaður ákveðst 27.259 kr.

Það athugist, að uppkvaðning dóms tafðist vegna anna dómara eftir verkfall lögfræðinga í ríkisþjónustu.

D ó m s o r ð:

Framangreind riftun stefnanda, Ingólfs Ómars Ármannssonar, gagnvart stefnda, Þorsteini Gunnarssyni, dags. 19. maí 1989, er staðfest. Stefndi afhendi stefnanda framangreindan tryggingarvígil. Kröfu stefnanda um dagsektir er vísað frá dómi ex officio. Stefndi greiði stefnanda 150.000 kr. með dráttarvöxtum skv. vaxtalögum nr. 25/1987 frá 1. apríl 1989 til greiðsludags og 27.259 kr. í málskostnað, allt innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
